

Sæl

Styrkurinn frá Erfðanefndinni fór að hluta til í að endurræsa ræktunarlandið og endurplanta þeim stofnun sem ákveðið var að varðbeita til lengri tíma. Stofna sem reynst hafa vel í ræktun hér á landi og komið hafa vel út úr rannsóknum í gegnum tíðina. Samantekt um umræddra stofna er nú vistuð hjá Norræna Genbankanum.

Fjárfest var í merkingum – álmerkjum og útbúin skilti fyrir hvern stofn. Útbúið plan yfir viðkomandi berjastofna og þau plómutré sem fengin voru frá Finnlandi hingað til lands til prófunar. Fjárfest var í jarðvegsdúk og tjörupappa sem nota átti til hlífðar. Prófað var að klippa út úr tjörupappa hringi til að setja um hverja plöntu og þannig hindar grasvöxt næst plöntunum. Fjárfest var í grasfræblöndu með smáategundum í og sáð í ræktunarsvæðið.

Þar sem áherslur breyttust og mannaskipti áttu sér stað var ákveðið að gera samning við Helga Þórsson um að taka yfir ræktun umræddra tegunda. Þær voru því flutta á vordögum 2006 til Helga að Kristnesi í Eyjafirði en samstarf verður um vísindalegar rannsóknir og athuganir með berja- og ávextategundir í nánustu framtíð.

Vona að þetta veiti þokkalegar upplýsingar um nýtingu styrksins frá erfðanefnd landbúnaðarins.

Með kveðju
Ásdís Helga
Lbhí